

Minjaráð Austurlands
fundur 29. október 2021
Fjarfundur á Teams

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir form., Skúli Björn Gunnarsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir, Andrés Skúlason, Rannveig Þórhallsdóttir varam. og Elsa Guðný Björgvinsdóttir varam.

Dagskrá:

1. Síðasti fundur
2. Skýrsla minjavarðar
3. Staða stefnumótunarvinnu
4. Næsti fundur
5. Önnur mál

Þuríður setti fund kl. 10.05 og gengið var til dagskrár.

1. Síðasti fundur

Enginn fundur var haldinn í september eins og til stóð en minjaráðið fór í vettvangsferð um Seyðisfjörð 25. júní til að kynna sér bæði fornleifarannsóknina og eyðilegginguna sem varð á menningarminjum í hamförunum í desember 2020.

2. Skýrsla minjavarðar

Þuríður sagði frá helstu verkefnum sem eru á borði minjavarðar þessi dægrin. Fyrst og fremst eru það umsagnarskrif vegna framkvæmda sem unnið er að. Þörf væri á öðrum starfsmanni á starfsstöð hér fyrir austan til að anna lögbundnum verkefnum við umsagnir út af skipulagi og byggingaframkvæmdum.

Minjaráð Austurlands lýsir áhyggjum af stöðu minjavörslu á Austurlandi vegna mikillar fjölgunar lögbundinna verkefna síðustu misseri.. Ráðið hvetur stjórnendur Minjastofnunar og yfirvöld til að mæta þessari fjölgun verkefna með viðbótarstöðugildi á nýju ári þannig hægt verði að sinna minjavörslu í fjórðungnum á fullnægjandi hátt.

3. Staða stefnumótunarvinnu

Þuríður og Andrés sögðu frá stöðu vinnu við stefnumótun í verndun fornleifa og byggingararfs og fornleifarannsóknna. Stefnt er á að ljúka þeirri vinnu fyrir áramót. Andrés er orðinn formaður Fornminjanefndar og situr sem slíkur í verkefnisstjórn stefnumótunarinnar.

4. Næsti fundur

Tillaga um að funda næst 8. desember og þá trúlega í fjarheimum.

5. Önnur mál

a. Framgangur rannsóknarinnar á Seyðisfirði.

Rannveig sagði stuttlega frá stöðunni á uppgreftrinum á Seyðisfirði þar sem kumlategur kom óvænt upp við rannsóknina seint í haust. Hægt er að skoða gripi inni á Facebooksíðu Antikva. Búið er að loka svæðinu fyrir veturinn en næsta sumar verður farið í að grafa upp fleiri hús. Rannveig var með erindi um rannsóknina á aðalfundi Sögufélags Austurlands sl. laugardag og hægt að sjá upptöku af honum inni á Youtube-rás Skriðuklausturs.

b. Lýðvirkjun við minjaskráningu

Skúli Björn sagði frá hugmyndum um að fara í tilraunaverkefni í Fljótsdal með að virkja almenning og áhugafólk meira við að skrásetja minjar í dalnum sem getur orðið góð forvinna fyrir formlega fornleifaskráningu. Verkefnið yrði samstarf hreppsins, Gunnarsstofnunar og Minjastofnunar og myndi m.a. nýta verkfærakistur Norðurslóðaverkefna eins og CINE.

c. Evrópsku menningarminjadagarnir

Þuríður sýndi nokkur dæmi um kynningarmyndbönd sem unnin voru af nemum sem unnu hjá Minjastofnun í sumar og voru kynnt á menningarminjadögunum. Þau eru inni á Youtube-rás Minjastofnunar.

d. Ársfundur Minjastofnunar

Ársfundur Minjastofnunar verður haldinn í lok nóvember og verður tema hans friðlýsingar.

e. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Þuríður sagði frá stöðu verkefna sem hafa verið unnin með styrk úr landsáætlun og nokkrum hugmyndum um endurnýjun eða ný skilti á minjastöðum á Austurlandi sem Minjastofnun hefur sótt um.

f. Bátaarfur

Andrés nefndi stuttlega bátaarfinn sem er að hverfa um allt land og ekki síst fyrir austan. Bátaarfurinn er inni á verksviði Fornminjanefndar og lýsti Andrés áhyggjum af stöðu þessa málaflokks.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.30.

Skúli Björn ritaði fundargerð.